



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgötu 39
101 Reykjavík

Aðalgötu 23
550 Sauðárkróki

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar
Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt
Norðurhelli 2, 221 Hafnarfirði

Reykjavík, 26. september 2017
Tilvísun: 3913/ 201709-0092

Austurgata 36, Hafnarfirði, deiliskipulagsbreyting

Í tölvupósti 26. september 2017 óskar Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt, f.h. Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar, eftir álit Minjastofnunar á deiliskipulagsbreytingu á lóðinni við Austurgötu 36, Hafnarfirði. Erindinu fylgir uppdráttur Helga Hafliðasonar arkitekts dags. 31. ágúst 2017.

Fyrir á lóðinni er járnklætt timburhús, hæð og ris, byggt 1904. Í umsögn 17. júlí 2017 lýsti Minjastofnum friðun hússins úr gildi fallna en fagmenn höfðu áður metið húsið óviðgerðarhæft vegna skemmda af völdum myglu og veggjatítlna. Í umsögn sinni óskaði Minjastofnun eftir því að fá tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar til umsagnar. Lögð var áhersla á að ný uppbygging á lóðinni tæki tillit til yfirbragðs, mælikvarða og stærðarhlutfalla þeirrar sögulegu götumyndar sem Austurgata 36 er hluti af.

Í deiliskipulagstillögunni er veitt heimild til þess að reisa einnar hæðar hús með kjallara og portbyggðri rishæð á grunni hins eldra húss. Meginstefna mænis er samsíða götu. Ekki er gerð krafa um sérstakt byggingarefni. Að mati Minjastofnunar tekur form og mælikvarði fyrirhugaðs húss á lóðinni tillit til yfirbragðs og mælikvarða hinnar sögulegu götumyndar Austurgötu. Útbygging sem heimilud fram í lóð hefur ekki áhrif á götumyndina.

Minjastofnun gerir ekki athugasemd við tillögu að breyttu deiliskipulagi á lóðinni Austurgötu 36, Hafnarfirði, samkvæmt uppdrætti Helga Hafliðasonar frá 31. ágúst 2017, og mælir með því að hún verði samþykkt. Við framkvæmdir í eldri hverfum ber að huga sérstaklega að fornleifum í jörðu við allt jarðrask. Komi í ljós fornminjar undir yfirborði jarðar í tengslum við framkvæmdir skal stöðva verkið og skýra Minjastofnun frá fundinum svo fljótt sem unnt er, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Þor Hjaltalín
Sviðsstjóri minjavörslu


Pétur H. Ármannsson
sviðsstjóri umhverfis og skipulags

Afrit í tölvupósti :
Gunnþóra Guðmundsdóttir (gunnthora@hafnarfjordur.is)
Anna Gyða Pétursdóttir (annagydap@gmail.com)

Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 29., 30., 31., 32., 33., 34. og 35. eru kærarlegar til æðra stjórnvalds, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytis. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin. Skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.